

**Dagsetning:** Miðvikudagur 23. mars 2017  
**Fundartími:** Kl. 17:00-18:00  
**Staðsetning:** Fundarherbergi fjölskylduþjónustu.  
**Fundarritun:** Ásta Guðrún Guðbrandsdóttir

**Mættir:** Ágústa Þorvaldsdóttir, Ásta Guðrún Guðbrandsdóttir, Bergur Þorri Benjamínsson, Jóna Imsland, Guðmundur Rafn Bjarnason og Kristjana Jóhannesdóttir.

#### Dagskrá fundarins:

1. Sérstakur sjóður sem styður þátttöku barna með fatlanir í íþróttá- og tómsundastarfi hefur verið settur á stað en skrifstofa fræðslu- og frístundaþjónustu heldur utan um sjóðinn sem styrkir verkefni sem auka á virkni og þátttöku barna með fatlanir í Hafnarfirði í íþróttá- og tómsundastarfi með það að markmiði að auðvelda börnum með fatlanir að stunda íþróttir, viðhalda og bæta við færni sína og gefa þeim möguleika á aukinni félagsþátttöku. Fagna ber þessu en kynning þarf að fara fram.
2. Ferðaþjónusta fatlaðra. Skoða þarf varanlegt úrræði fyrir þann hóp einstaklinga sem Hafnarfjarðarbær veitir ferðaþjónustu vegna lögblindu. Bærinn var um tíma aðili að Ferðaþjónustu Blindrafélagsins en þó með færri ferðir en Reykjavíkurborg. Mikilvægt er að búseta fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu ráðist ekki af mismunandi þjónustustigi sveitarfélaga á svæðinu. Ferðaþjónusta fatlaðra á að ráðast af skilgreindum rétti viðkomandi, en ekki tilviljanakenndum afgreiðslum til einstakra umsækjanda. Reykjavík og Seltjarnarnes eru nú með samning við Blindrafélagið sem borið hefur góða raun. Önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa hins vegar veitt mismunandi þjónustu skv. óskráðum reglum og alfarið eftir því hversu viðkomandi hefur fylgt umsókn sinni eftir. Hafnarfjörður fellur þar undir. Það hefur sýnt sig að slík afgreiðsla hefur valdið þeim sem þar að koma umtalsverðum erfiðleikum. Viðmið sem starfsmenn félagsþjónustu vinna eftir í þessu efni hafa verið óljós og óvissa ríkt um þjónustuna ár frá ári hjá þeim sem hennar njóta.
3. Frá áramótum 2017 fá fundarmenn greitt fyrir setu sína í ráðgjafarráðinu. Skiluðu fundarmenn inn upplýsingum um reikningsnúmer sín.
4. Kynnt var að hæfingarstöðin í Fannborg er að loka. Rætt um að starfsfólki sem missir störf sín í Fannborg eigi að vera boðið starf í Hafnarfirði og hvetja á það til að sækja um starf hjá bænum.
5. Fara þarf í vettvangsferð til að skoða aðgengismál og nýta styrk sem fenginn var frá Velferðarráðuneytinu.
6. Búið er að opna nýju lyftuna í Ásvallalaug og er aðgengi gott. Mikil ánægja með þetta framtak.
7. Hafnarfjörður- ráðgjafaráðið hefur fengið styrk til að halda málþing. Taka þarf upp þráðinn þar sem frá var haldið og skoða hverju þarf að breyta, bæta ofl.
8. Umræða um aðgengi fyrir fólk með mikla sjónskerðingu/blindu en þjónustu- og þekkingarmiðstöð kemur á staði og tekur út aðgengi ef óskað er eftir því.

9. Rætt um heimaþjónustu og skipulag hennar. Óskað er eftir að félagmálaráð ræði við ráðgjafarráðið um möguleikann á breyttu fyrirkomulagi þessarar þjónustu.

10. Ráðgjafarráðið vill kanna möguleikann á því að fá nefndarmenn Fjölskylduráðs á fund.

**Næsti fundur verður 26.04 kl 17. 2017**